

Stofnanasamningur

milli Sálfræðingafélags Íslands og
Landspítala (LSH) um forsendur röðunar starfa við stofnunina.

1 Inngangur

Sálfræðingafélag Íslands og Landspítali gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur og röðunar starfa sem tilheyra Sálfræðingafélagi Íslands við stofnunina, skv. ákvæðum 11. kafla gildandi kjarasamnings.

2 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

3 Markmið

Markmið samnings þessa er fyrst og fremst að styðja við stefnu LSH um að stofnunin verði góður og eftirsóknarverður vinnustaður sem hafi á að skipa hæfum sálfræðingum í framsæknu starfsumhverfi með hvatningu til að auka við hæfni sína og þróun í starfi. Jafnframt að sálfræðingar hafi frumkvæði í starfi sínu og hæfni og vilja til að taka virkan þátt í framþróun spítalans.

4 Forsendur / framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, starfslýsinga, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Tímabundnr þættir og umbun geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á verksviði starfsmanns.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Starfslýsingar skal endurskoða við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

5 Starfaflokkun og grunnröðun

Sálfræðingur A.....	11-0
Sálfræðingur B.....	11-1
Sálfræðingur C1.....	12-0
Sálfræðingur C2.....	12-1
Sálfræðingur C3	12-2
Sálfræðingur C4	12-2
Sálfræðingur D1	13-2
Sálfræðingur D2	13-3
Sálfræðingur D3	14-2
Sálfræðingur D4.....	14-2
Sálfræðingur E1.....	15-1
Sálfræðingur E2	16-1

DD
SS

PMF

Starf	Skýring	Launaf.
Sálfræðingur A	Er byrjandi í starfi. Nýtur handleiðslu reynðs sálfræðings við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.	110
Sálfræðingur B	Kominn vel á veg í starfi. Starfar sjálfstætt og skipuleggur störf sín og verkefni í samráði við yfirmann án beinnar tilsagnar. Tekur þátt í faglegri þróun og umbóta- og gæðastarfi á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólk og nemendum. Hefur hæfni til að taka sjálfstæðan þátt í rannsóknum.	111
Sálfræðingur C1-C4	Er fær í starfi. Skipuleggur störf sín og verkefni í samráði við stjórnanda. Getur sinnt þjálfun og kennslu annarra starfsmanna og nema. Tekur þátt í faglegri þróun, rannsóknum og gæðastarfi. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Tekur virkan þátt í stefnumótun og skipulagningu á deild. Sálfræðingur sem kominn er í C4 getur séð um handleiðslu nema.	120-122
Sálfræðingur D1-D4	Er mjög vel fær í starfi. Getur séð um skipulagningu og kennslu nemenda og handleiðslu. Getur tekist á við flókin sérhæfð verkefni. Er fulltrúi deilda, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum sálfræði, skjólstæðinga og sjúkrahússins. Tekur virkan þátt í faglegri þróun og gæðastarfi í samráði við stjórnanda. Innleiðir nýjungar á sínu fagsviði og tekur þátt í rannsóknum.	132-142
Sálfræðingur E1-E2	Er leiðtogi í klínísku starfi. Sérfróður í tiltekinni klínískri undirgrein á fagsviði sálfræði og er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Er leiðandi í gagnreymendum starfsháttum. Hefur aflað sér viðtækar og sérhæfðrar bekkingar í faginu. Dæmi um þetta er t.d. að sálfræðingur stýri gæðastarfi á einingu í samráði við yfirmann og hefur frumkvæði að þróun og innleiðingu nýjunga í meðferð/bjónustu/fagi. Skipuleggur og tekur þátt í rannsóknum. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/bjónustunnar/ meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Eða sálfræðingur með faglega stjórnunarlega ábyrgð og hefur verið falið að: a) skipuleggja og samhæfa störf annarra sálfræðinga, b) sinna teymisstjórn, c) stýra umfangsmiklu verkefni eða hafa stefnumótandi áhrif á bjónustu í ákveðnum málaflokki. Ef sálfræðingur uppfyllir tvennt af ofangreindu skv. mati yfirsálfræðings þá launaflokkur 151. Ef sálfræðingur uppfyllir allt af ofangreindu skv. mati yfirsálfræðings þá launaflokkur 161.	151-161
Sérfræðingsstarf	Sálfræðingur með sérfræðileyfi sem starfar skv. sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs.	xxx
Aðstoðaryfir-sálfræðingur	Sbr. aðstoðardeildarstjóri skv. skipulagi stofnunar, starfar skv. sérstakri starfslýsingu.	xxx
Yfirsálfræðingur	Stjórnandi með þríþætta ábyrgð sbr. deildarstjóri skv. skipulagi stofnunar. Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar í starfslýsingu.	xxx

PKF
SS

PKF

Þegar notað er hugtakið sálfræðingur í samningi þessum er átt við sálfræðing með löggildingu í sálfræði skv. lögum og reglugerð.

Vegna breytinga í starfsemi og þróunar er varðar sálfræðinga á Landspítala geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 6 hér á eftir.

6 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun í þrep

a. Sérfræðileyfi samkvæmt reglugerð 1130/2012 eða 158/1990	5
Sjá nánar bókun 1 um sólarlag vegna áfanga að sérfræðileyfi.	
b. Viðbótarmenntun, sjá nánar fylgiskjal 1	6
➤ Viðbótarnám/diplóma, 30 ECTS (eða 180 kennslustundir)	1
➤ Viðbótarnám/diplóma, 60 ECTS (eða 360 kennslustundir)	2
➤ MS/MA (90-120 ECTS) til viðb. við nám sálfræðinga sem nýtist í starfi	4
➤ Doktorspróf (PhD) (180 ECTS eða meira)	6

Hámarksfjöldi þrepa í launatöflu sálfræðinga eru átta þrep. Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækjun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölum launaflokks þannig að samtala þrepa fer umfram 8 þrep, færst í næstu launatölum í næsta launaflokki fyrir ofan.

7 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrilliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.


Starf og starfskjör skulu metin árlega samkvæmt ósk starfsmanns og þeir þættir teknir til skoðunar sem röðun hans byggist á.

8 Gildistími


Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2025.

Reykjavík 22. maí 2025

f.h. Landspítala


Sóley Stefánsdóttir

f.h. Sálfræðingafélags Íslands


Þórey María Þórssen

Fylgiskjal 1
Vinnureglur varðandi mat á viðbótarmenntun

Viðbótarnám/-menntun umfram grunnkröfu starfs – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplómapróf** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem er umfram grunnkröfu starfs og nýtist í viðkomandi starfi sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum eða 360 kennslustundum hækkar um eitt þrep til viðbótar. Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep.
- **Meistarapróf** – (90-120 ECTS eininga meistarapróf umfram grunnkröfu starfs). Starfsmaður með meistarapróf umfram grunnkröfu starfs, hækkar sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi er fjögur þrep.
- **Doktorspróf** – (180 ECTS eininga doktorspróf umfram grunnkröfu starfs). Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækkar sem nemur sex þrepum ef námið nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkan vegna meistaraprófs o.fl. kemur ekki til viðbótar launahækkunar vegna doktorsprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi. Hámarkshækkun við mat á doktorsprófi er sex þrep.

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til yfirmanns.

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl.
- b. Afrit af skjali sem sýnir fram á þátttöku viðkomandi skal senda til yfirmanns.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- d. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- e. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga er metið af yfirmanni.
- f. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

PD

SS

Bókun 1

Sólarlag vegna áfanga að sérfræðileyfi

Launaþrep á grundvelli áfanga að sérfræðileyfi skv. ákvæðum þar um í fyrri samningi aðila ganga upp í viðbótarmenntun eins og kostur er m.v. stöðu viðbótarmenntunar við undirritun samnings.

Ákvæðið í fyrri samningi frá 1. mars 2013 var svohljóðandi:

Sérfræðileyfi samkvæmt reglug. 1130/2012; allt að 5

Þessi leið mat á áföngum að sérfræðileyfi gildir fyrir þá sálfraðinga sem hófu sérnám eftir 1. jan. 2013 og þá sem hófu sérnám fyrir þann tíma en hafa valið að haga námi sínu í samræmi við nyju reglugerðina, sbr. nánar ákv. til bráðabirgða í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sálfraðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1130/2012.

- | | |
|---|---|
| ➤ I. áfangi – 20 ECTS einingar og 10 handleiðslutímar | 1 |
| ➤ II. áfangi – 40 ECTS einingar og 20 handleiðslutímar | 1 |
| ➤ III. áfangi – 60 ECTS einingar og 30 handleiðslutímar | 1 |
| ➤ Sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein | 2 |

Sérfræðileyfi samkvæmt reglug. 158/1990; allt að 5

Þessi leið mat á áföngum að sérfræðileyfi gildir aðeins fyrir þá sálfraðinga sem sem hófu sérnám fyrir 1. jan. 2013 og velja að haga námi sínu í samræmi við eldri reglugerð um sérfræðileyfi sálfraðinga nr. 158/1990, sbr. nánar ákv. til bráðabirgða í nýrri reglugerð nr. 1130/2012.

- | | |
|--|---|
| ➤ I. áfangi – 100 fræðslust. og 20 einkahandleiðslutímar (eða 15 einka- +10 hóp-) | 1 |
| ➤ II. áfangi – 200 fræðslust. og 50 einkahandleiðslutímar (eða 40 einka- +20 hóp-)..... | 1 |
| ➤ III. áfangi – 300 fræðslust. og 75 einkahandleiðslutímar (eða 60 einka- +30 hóp-)..... | 1 |
| ➤ Sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein | 2 |

Verði því ekki viðkomið að öll þrep vegna áfanga að sérfræðileyfi verði að þrepum vegna viðbótarmenntunar skulu þau þrep sem útaf standa skrást sem sólarlagsþrep. Sólarlagsþrep munu ganga upp í hækjun á grundvelli sérfræðileyfis ef/þegar starfsmaður hefur fengið sérfræðileyfið.

SS

PMLP